

MARKAÐURINN

MIÐVIKUDAGUR 23. JÚNÍ 2021

25. tölublað | 15. árgangur

FYLGITRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL





Verið velkomin í glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

**MICHELSEN
1909**

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Hærra álverð vegur upp minni þorskkvóta

2 Tekjur íslenskra raforkuframleiðenda á árinu 2019 vegna sölu á rafmagni til álvera voru um 39 milljarðar, en gætu aukist um þriðjung í ár.

Ferðamannafjöldinn gæti nálgast milljón

2 Ferðapjónustufyrirtæki hafa fundið fyrir miklum vexti í bókunum frá Evrópu á síðustu vikum. Formaður er bjartsýnn á að spár um ferðamannafjölda rætist.

Hvar eru afleiðuviðskiptin?

6 Slaka þarf á séríslenskum takmörkunum á afleiðuviðskipti sem eru til þess fallnar að draga úr nauðsynlegum skoðana-skiptum, segir hagfræðingur VI.

Stofnandi Guitar Hero fjárfestir í OverTune

7 Nýir fjárfestar í sprotanum OverTune koma frá Bandaríkjunum, Kanada, Noregi og Íslandi. Unnið er að nýrri fjármögnunarlotu.

Oculus metið á yfir 20 milljarða

7 Eftir hlutafjárúkningu lyfjapróunarfyrirtækisins í liðnum mánuði er virði þess núna um 170 milljónir dala. Kínverski sjóðurinn BVCF er einn stærsti hluthafinn.

Uppskeran í augnsýn

Eftir níu ára þróunarstarf og fjárfestingu upp á 100 milljarða króna frá stofnendum, er Alvotech nálægt því að setja fyrsta hliðstæðulyf sitt á markað. Fyrirtækið hefur tryggt sér áfangagreiðslur upp á 130 milljarða króna á næstu árum. **Sjá síðu 4**



MYND/ÞSEND

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á opticalstudio.is
og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK



Fyrirtæki veigra sér við að fjárfesta

thorsteinn@frettabladid.is

„Félagsmenn okkar eru einfaldlega farnir að veigra sér við að fjárfesta því það er of dýrt og flókið. Það er verulegt áhyggjuefni og sem dæmi erum við að sjá að fjárfesting er lægri hér en á Norðurlöndunum,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA). Samtökin fóru á dögum í hringferð um landið til þess að funda með félagsmönnum.

Félagsmenn SA bentu á hversu þunglamaleg stjórnsýslan er orðin og hversu miklum tíma og fjármunum sé eytt í alltof flókið regluverk. Auk þess væri skattheimtan orðin of íþyngjandi.

„Þessi sjónarmið heyrðust á flestum ef ekki öllum fundum sem við áttum um landið,“ segir Ásdís og bendir á að margoft hafi alþjóðlegar úttektir sýnt að hér á landi séu mun fleiri hindranir í rekstrarumhverfi fyrirtækja en til að mynda á hinum Norðurlöndunum.

„Óneitanlega hefur það umhverfi sem fyrirtæki búa við í dag áhrif á fjárfestingu og hagvöxt til framtíðar. Þetta eru óþarfa hindranir sem við getum rutt úr vegi ef vilji er fyrir hendi.“



Ásdís Kristjánsdóttir.

Hár launakostnaður var oft nefndur og áhrif hans á rekstur fyrirtækja. Þá sögðust mörg fyrirtæki enn fremur lenda í erfiðleikum með endurráðningar.

„Kvartanir þess efnis að illa gangi að ráða inn fólk af atvinnuleysis-skrá eru mjög alvarlegar og í raun grátleg staða, einkum þegar enn er að mælast rúmlega 9 prósentu atvinnuleysi. Við viljum ekki að langtímaatvinnuleysi festi sig hér í sessi. Það þarf að greina hvað það er sem veldur því að fyrirtæki eru að lenda í þessum vandræðum við endurráðningar og hvers vegna fólk fæst ekki til að vinna störf,“ segir Ásdís. ■

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg, Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

Hækkandi álverð vegur á móti minni þorskkvóta

Tekjur íslenskra raforkuframleiðenda á árinu 2019 vegna sölu á rafmagn til álvera voru um 39 milljarðar, en gætu aukist um þriðjung á þessu ári vegna hækkandi álverðs.

thg@frettabladid.is

Auknar gjaldeyristekjur íslenskra raforkuframleiðenda á árinu 2021 vegna herra álverðs, fara langt með að bæta upp fyrir höggð á þjóðar-búið vegna minni þorskkvóta, samkvæmt útreikningum Markaðarins. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi hafa gefið það út að veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar er sýr að þorski, þýði að gjaldeyristekjur þjóðarbúsins muni dragast saman um 17 milljarða, að gefnu stöðugu gengi og óbreyttu verði á þorski. Hafrannsóknastofnun gaf ráðgjöf sína út í síðustu viku, en hún kveður á um 13 prósentu samdrátt í aflamarki þorsks milli ára.

Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að hraðhækkandi álverð á þessu ári þýðir að innbyggðar álverðstengingar íslenskra raforkuframleiðenda auka tekjur þeirra vegna sölu á raforku til álvera. Séu árin 2019 og 2021 borin saman (þar sem 2020 telst seint eðlilegt rekstrarár) og gert ráð fyrir meðalverði áls upp á 2.400 Bandaríkjadali fyrir tonnið árið 2021, þýðir það um þriðjungshækkun milli ára tveggja, sem skilar sér inn í raforkuverð til Landsvirkjunar, Orku náttúrunnar og HS Orku.

Miðað við fyrirliggjandi gögn um meðalverð Landsvirkjunar til stóriðju, þá orkusölusamninga sem birtir hafa verið og aðrar upplýsingar í ársreikningum orkufyrirtækjanna, var vegið meðalraforkuverð til álvera á Íslandi um það bil 24 Bandaríkjadali á árinu 2019. Til hægðarauka er gert ráð fyrir fullum afköstum álveranna en undir slíkum kringumstæðum nota þau ríflega 13,7 milljónir megavattstunda á ári hverju. Árið 2019 voru tekjur íslensku raforkuframleiðendanna vegna sölu til álvera því um 39 milljarðar króna. Miðað við að meðalverð áls verði 2.400 Bandaríkjadali fyrir tonnið árið 2021, skilar það sér í auknum gjaldeyristekjum upp á um 13 milljarða króna ári.

Hagfelld rekstrarumhverfi
Jóhann Snorri Sigurbergsson, for-



Miðað við full afköst á árinu 2019 námu tekjur af raforkusölu til álvera um 39 milljörðum árið 2019. Ef álverð helst á sömu slóðum í ár fara tekjurnar yfir 50 milljarða króna, vegna álverðstengingar í raforkusamningum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Yfirleitt hefur það farið saman að krónan er mjög sterk þegar álverð hefur náð þeim hæðum sem nú sjást, sem er neikvætt fyrir þá sem selja rafmagn í Bandaríkjadöllum og gera upp í íslenskum krónum. Það er ekki tilfellið núna.

Jóhann Snorri Sigurbergsson, forstöðumaður viðskiptaþróunar hjá HS Orku.

stöðumaður viðskiptaþróunar hjá HS Orku, segir að rekstrarumhverfi raforkuframleiðenda með álverðstengingar í sínum samningum við stórnotendur, sé afar hagfelld um þessar mundir: „Það verður ekki sagt að margir hafi búið við svona háu álverði á þessu ári. Ekki er nema rúmlega ár síðan verðið var 1.400 til 1.500 Bandaríkjadali á tonnið. Yfirleitt hefur það farið saman að

krónan er mjög sterk þegar álverð hefur náð þeim hæðum sem nú sjást, sem er neikvætt fyrir þá sem selja rafmagn í Bandaríkjadöllum og gera upp í íslenskum krónum. Það er ekki tilfellið núna, þó að krónan kunnig hugsanlega að styrkjast frekar þegar liður á árið. En rekstrarumhverfi okkar er afar gott um þessar mundir með tilliti til þróunar á álmörkuðum,“ segir Jóhann Snorri.

Viðsnúningur í Kína

Margþættar ástæður eru fyrir hækkandi álverði. Látlaus framleiðsluaukning á áli í Kína á síðastliðnum árum er komin að endastöð, að minnsta kosti um sinn. Landið verður nettó innflytjandi áls á þessu ári og því næsta hið minnsta, sem þýðir að sá mikli þrýstingur sem hefur verið á álverði á undanförunum árum hefur minnkað. Skýrist það hvort tveggja af aukinni eftirspurn innanlands í Kína. En einnig strangari umhverfiskröfum þar í landi, sem hafa neytt marga stóra framleiðendur sem nýta raforku framleidda með kolum, til að draga úr framleiðslu sinni.

Þrátt fyrir að Kína sé stærsti einstaki áhrifaþátturinn á álmörkuðum um þessar mundir, hefur eftirspurn aukist víða um heim. Lág vaxtastig hefur að sama skapi aukið áhuga fjárfesta á hrávörum, sem hafa velflestar hækkad mikið í verði. ■

Fjöldinn geti nálgast milljón í ár

thorsteinn@frettabladid.is

Ferðaþjónustufyrirtæki hafa fundið fyrir miklum vexti í bókunum frá Evrópu á síðustu örfáu vikum. Ef stjórnmöld fylgja eftir áætlun sinni um afnáms sóttkvíarskyldu fyrir ferðamann gæti fjöldi þeirra orðið meiri en spár hafa gert ráð fyrir. Þetta segir Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar og framkvæmdastjóri Kötlu DMI.

„Fyrir þremur vikum síðan var eins og stiflan hefði brostið,“ segir Bjarnheiður, um bókunir frá Evrópu. „Við og önnur ferðaþjónustufyrirtæki finnum fyrir stóruaukningu eftirspurn frá Evrópu, sérstaklega frá Þýskalandi.“

Spár stjórnvalda og greinenda um fjölda ferðamanna á þessu ári hafa verið á bilinu 6-800 þúsund. Bjarnheiður segir að skyndileg aukning í bókunum frá Evrópu gefi ástæðu til bjartsýni á að spárnar rætist.

„Með hverjum deginum sem líður



Við gætum jafnvel nálgast milljón ef þetta heldur svona áfram.

Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar.

verð ég bjartsýnni og ég get vel trúað að spárnar gangi eftir. Ef sóttkvíarskyldan verður afnumin fljótlega held ég að fjöldinn verði töluvert meiri en spár hafa gert ráð fyrir. Við gætum jafnvel nálgast milljón ef þetta heldur svona áfram,“ segir Bjarnheiður og bendir á að bókunir á löngum og dýrum ferðum séu að berast með mun skemmri fyrirvara en áður hefur þekkt.

„Það er ekki óvenjulegt núna að sjá bókunir með tveggja eða þriggja

vikna fyrirvara. Oft er um að ræða verðmætar bókunir, jafnvel með dvalartíma í tvær til þrjár vikur.“

Samtök ferðaþjónustunnar hafa kallað eftir afnámi sóttkvíarskyldu í samræmi við fyrri áætlanir stjórnvalda.

„Við erum að bíða eftir að tilkynnt verði um framhaldið á landamærunum. Það var búið að gefa í skyn í vor að 1. júlí yrði hætt að skikka fólk í sóttkví, sama hvort það væri bólusettt eða ekki. Sumir ferðamenn eru að afbóka vegna þess að þeir sjá ekki fram á að vera orðnir fullbólusettir fyrir mánaðamótin.“

Opnað var fyrir komu bólusetta ferðamanna frá löndum utan EES/EFTA-svæðisins hinn 6. apríl. Ferðamenn sem eru bólusettir eða með vottorð um fyrri sýkingu fara nú í eina sýnatöku á landamærum fram að 1. júlí. Óbólusettir ferðamenn frá EES/EFTA-löndum þurfa hins vegar að sýna neikvætt PCR-próf, fara í tvær sýnatökur og sæta sóttkví í fimm daga. ■



Ein elsta starfandi bókaútgáfa landsins er til sölu.

Bókaútgáfan Setberg hefur verið í eigu sömu fjölskyldu frá 1950. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í útgáfu barnabóka síðustu ár og hefur velta verið á bilinu 30-50 m.kr.

Árlega eru gefnir út um 20 titlar, að mestu þýðingar á erlendum titlum og er dreifing góð í bókabúðir og helstu verslanir. Síðasta rekstrarár útgáfunnar var mjög gott og eru ágætis horfur framundan með nýjum möguleikum í rekstri.



kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is

TAKK FYRIR STUÐNINGINN!



#ANNAÐENÞÚHELDUR

Í dag leggja fremstu hjólreiðamenn Íslands af stað í Síminn Cyclothon fyrir hönd Ljóssins endurhæfingarmiðstöðvar fyrir krabbameinsgreinda.

Yfirskrift verkefnisins er Annað en þú heldur sem vísar til ummæla ungra karlmannna sem sótt hafa endurhæfingu í miðstöðina. Markmið Ljóssins með þátttöku í keppninni er einmitt að varpa ljósi á þá staðreynd að ungir karlmenn eru líklegri en aðrir hópar til að sleppa endurhæfingu þegar þeir greinast með krabbamein.

Við hvetjum alla til þess að fylgja liðinu okkar á samfélagsmiðlum en þar má upplifa beinar útsendingar, senda liðinu hvatningu og kveðjur, deila færslum og auðvitað bera áfram skilaboðin um að endurhæfingin í Ljósinu hefst við greiningu og hún er *Annað en þú heldur*.



Taktu mynd með snjallsíma

Verkefni þetta nýtur stuðnings góðra bakhjarla og sendum við þeim okkar allra bestu þakkir

SPORTVAL
ÍÞRÓTTA- OG ÚTIVISTARVÖRUR



NOVATOR

ÖRNINN

ARCTIC
Imorgun

NewWave
ICELAND

ASKJA

DAGS
SON

COLLAB



Róbert Wessman reiknar með að fyrir árslok 2021 fái íslenska fyrirtækið Alvotech samþykki bandaríska lyfjaeftirlitsins fyrir að setja hliðstæðu Humira, söluhæsta lyfs heims, á markað.

Áfangagreiðslur skili Alvotech 130 milljörðum

Alvotech hefur tryggt sér áfangagreiðslur upp á 130 milljarða króna á næstu árum að sögn Róberts Wessman, stofnanda líftæknifyrirtækisins. Horft er til skráningar í Bandaríkjunum á þessu ári.

thorsteinn@frettabladid.is

„Ég fer á stjórnarfund hjá Alvogen árið 2012 og kynni hugmyndina um að koma þróun hliðstæðu líftækni-lyfja á fót. Við gerðum ráð fyrir að það tæki tíu ár að koma fyrsta lyfinu á markað og að fjárfestingin myndi nema meira en 100 milljörðum króna. Það hefur nokkurn veginn gengið eftir,“ segir Róbert Wessman, stofnandi Alvotech, sem færast nær því að koma líftæknihlíðstæðum sínum á markað.

Eins og Markaðurinn greindi frá í mars hafa stjórnendur Alvotech unnið að því að styrkja fjármögnun fyrirtækisins vegna áformum um

skráningu á erlendan hlutabréfamarkað síðar á þessu ári. Til að mynda sótti Alvotech sér um 100 milljónir dala, jafnvirði um 12 milljarða króna, í nýtt hlutafé í vetur.

Aðspurður, segist Róbert lítið geta tjáð sig um mögulega skráningu Alvotech á hlutabréfamarkað. Eftir því sem Markaðurinn kemst næst hefur Alvotech horfið frá fyrri áformum um skráningu í kauphöll í Hong Kong og stefnir nú alfaríð á skráningu á hlutabréfamarkað í Bandaríkjunum. Ákvörðunina má meðal annars rekja til uppgangs sérhæfðra yfirtökufélaga (e. SPAC) á bandaríska markaðinum, en mörg þeirra einblína á yfirtöku á líftækni-fyrirtækjum.

Tveir hlutabréfasjóðir í stýringu Stefnis, dótturfélags Arion banka, fjárfestu í Alvotech fyrir rúmlega 600 milljónir króna í hlutafjárútböðinu í vetur, en aðrir íslenskir fjárfestar sem tóku þátt í útböðinu voru íslenskt tryggingafélag, fjár-

”

**Þetta var heiman-
mundurinn sem ég fékk. Allt var á gríðar-
lega háum vöxtum og ljóst að vel þyrfti að takast til.**

festingafélagið Hvalur, sem Kristján Loftsson stýrir, og Lífeyrissjóður Vestmannaeyja. Þetta var í fyrsta sinn sem innlendir fjárfestar, sem eru ekki hluti af stjórnendateymi lyfjafyrirtækisins, komu inn í hlut-hafahóp Alvotech.

Lögðuð þið áherslu á að fá inn íslenska fjárfesta?

„Nei, ekki beint. Við byrjuðum með fjárfestakynningar erlendis, það spurðist til Íslands og mikill áhugi myndaðist á félaginu. Þetta var smá togstreita því ef það verður af skráningu erlendis er mikilvægt að vera með erlenda stofnanafjárfesta. Að lokum seldum við lítinn hluta, innan við eitt prósent af félaginu, til innlendra fjárfesta.“

Ísland ekki sjálfsagður valkostur

Alvotech vinnur að þróun sjö líftækni-lyfja, þar á meðal hliðstæðu lyfsins Humira, sem er söluhæsta lyf heims. Líftækni-lyf, sem eru framleidd með hjálp lífvera, eru flóknari í þróun og framleiðslu en hefðbundin lyf og kosta því umtalsvert meira. Á næstu árum renna mörg einkaleyfi líftækni-lyfja út, sem skapar tækifæri fyrir fyrirtæki á borð við Alvotech til að setja sambærileg lyf á markað, eða svokallaðar hliðstæður.

„Árið 2012 sáum við fram á að landslagið í lyfjageiranum myndi breytast töluvert vegna tilkomu líftækni-lyfja. Á þessum tíma voru yfirvöld ekki búin að skilgreina umhverfið í kringum hliðstæður líftækni-lyfja en við reiknuðum með að það myndi breytast hratt,“ segir Róbert.

Hins vegar lá ekki beint við að byggja upp aðstöðu fyrir framleiðslu og þróun á Íslandi.

„Það var erfitt að taka þá ákvörðun því hagkerfið var í gjaldeyris-höftum,“ segir Róbert. „Menn vissu ekki hvort hægt yrði að fá arðinn greiddan út úr landi ef vel tækist til. Jafnframt var lítil þekking á Íslandi sem tengdist líftækni-lyfjaþróun og -framleiðslu. Ég reiknaði því með að það yrði kostnaðarsamara að byggja upp starfsemi á Íslandi, þar sem sækja þyrfti þekkingu erlendis með tilheyrandi kostnaði. Við vorum að skoða nokkur lönd, til dæmis Möltu, þar sem stjórnvöld fjármagna upp-

Væri ekki starfandi forstjóri ef ásakanirnar væru réttar

Halldór Kristmannsson, fyrrverandi samskiptastjóri Alvogen og einn nánasti samstarfsmaður Róberts Wessman um langt skeið, bar Róbert þungum sökum í vor og sakaði hann meðal annars um að koma illa fram við starfsfólk.

„Ég hef ekki tjáð mig mikið um þetta mál vegna þess að þetta er viðkvæmt starfsmannamál. En ásakanirnar voru skoðaðar og niðurstaðan var alveg skýr,“ segir Róbert og vísar þar til úttektar lögfræðistofunnar White & Case LLP. Í niðurstöðu lögfræðistofunnar kom fram að allir starfsmenn sem rætt var við hefðu borið Róberti söguna vel og engin gögn bentu til þess að eitthvað athugavert væri við stjórnarhætti hans.

„Ef þessar fullyrðingar hefðu verið réttar er ljóst að ég væri ekki starfandi forstjóri Alvogen í dag. Ég hef fullt traust stjórnar, hluthafa og starfsmanna eins og staðan er í dag,“ segir Róbert.

„Það sem stendur upp úr er að hjá Alvogen líður fólkinu vel í vinnunni og það er ánægð með mína stjórnun. En þetta mál hefur tekið á mig persónulega og haft truflandi áhrif á reksturinn og jafnvel einstaka starfsmenn, vegna áreitis frá utanaðkomandi aðilum.“

Í stefnu Alvogen á hendur Halldóri var fullyrt að hann hefði fundað með Björgólfi Thor Björgólfssyni fjárfesti í nóvember 2020. Fullyrt var að tilgangurinn, samkvæmt lýsingu Halldórs sjálfs, hefði verið að „afla upplýsinga í því skyni að reyna að koma sér í aðstöðu sem gæti nýst honum til að gera kröfur á hendur félaginu um fjárhagslegt uppgjör sér til handa.“

Liggur fyrir að þessi fundur hafi átt sér stað og tengst ásökunum á hendur þér?

„Já, það liggur fyrir, þessir tveir einstaklingar eru í töluverðu sambandi.“

byggingu á aðstöðu fyrir framleiðslu og þróun lyfja, en á endanum ákvæðum við að byggja reksturinn upp á Íslandi. Það var spennandi að byggja hreinlega upp nýja atvinnugrein í heimalandi sínu.“

Mikill hagnaður á Íslandi

Í ágúst í fyrra var tilkynnt um að Alvotech og alþjóðlegi lyfjarisinn Teva Pharmaceuticals hefðu gert með sér samstarfssamning um þróun, framleiðslu og markaðssetningu fimm hliðstæða líftæknilyfja í Bandaríkjunum. Samningurinn tryggir Alvotech tekjur upp á hundruð milljarða króna á næstu árum og nú þegar hefur hann skilað íslenska líftækniyrirtækinu um 9 milljörðum króna. Að sögn Róberts er um að ræða stærsta samning sem gerður hefur verið á sviði hliðstæðu-líftæknilyfja.

Tekjur Alvotech tvöfölduðust á milli ára og námu 64 milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði 7,7 milljarða króna, á árinu 2020. Á sama tíma jókst tap félagsins fyrir skatta um 52 prósent og nam 213,2 milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði 25,7 milljarða króna.

„Þetta eru að mestu leyti áfangagreiðslur sem velta á því hvernig lyfjaþróuninni vindur fram. Við búumst við að vera með 12 milljarða króna í tekjur á þessu ári og þær aukast síðan umtalsvert árið 2022. Með samningum um sölu- og dreifingu á helstu markaðssvæðum heims, eins og við Teva í Bandaríkjunum og Stada í Evrópu, höfum við



Á Íslandi erum við að þróa og framleiða fyrir Bandaríkin og Evrópu. Þar myndast hagnaðurinn fyrst og fremst.

tryggt allt að 130 milljarða króna tekjur á næstu árum fyrir aðgang að lyfjahugviti Alvotech og því til viðbótar eru fyrirtækin skuldbundin til að kaupa lyfin af okkur í framtíðinni.“

Alvotech hefur einnig gert samstarfssamninga um markaðssetningu hliðstædu lyfja í Evrópu, Suður-Ameríku, Kína, Miðausturlöndum og Suðaustur-Asíu. Markmiðið með þeim er að koma á samstarfi við leiðandi fyrirtæki í hverjum heimshluta. Sem dæmi nefnir Róbert samninginn við Yangtze River Pharmaceutical, sem er leiðandi lyfjafyrirtæki í Kína og kemur til með að markaðssetja þau lyf sem framleidd verða í verksmiðju í borginni Changchun.

Hvaða þýðingu hefur uppbygging Alvotech fyrir íslenska hagræfið?

„Félagið mun skila umtalsverðum hagnaði á Íslandi. Þegar þú ert með alþjóðlegt framleiðslufyrirtæki og starfsemi í mörgum löndum, þá myndast verðmætin og hagnaðurinn í landinu þar sem varan er framleidd. Við erum að byggja upp aðstöðu í Kína en hún verður aðallega notuð fyrir Kínamarkað. Á Íslandi erum við að þróa og framleiða fyrir Bandaríkin og Evrópu. Þar myndast hagnaðurinn fyrst og fremst,“ segir Róbert.

Áætlanir Alvotech gera ráð fyrir að útflutningstekjur af starfseminni geti numið um einum milljarði Bandaríkjadala, jafnvirði um 120 milljarða króna, árið 2027. Þá verða skatttekjur ríkissjóðs af starfsemi líftækniyrirtækisins á bilinu 15 til 20 milljarðar króna. Að auki greiðir fyrirtækið meira en sex milljarða króna í launagreiðslur á ári, sem einnig skilar tekjum í ríkissjóð.

Alvotech er í meirihluta eigu Aztiq

Pharma og heildarfjárfesting félagsins í Alvotech var komin í um 100 milljarða króna í árslok 2020. Þá er systurfélagið Alvogen stór hluthafi, en þar eru fyrir einir stærstu fjárfestingasjóðir í heiminum í dag. CVC Capital Management og Temasek, sem er fjárfestingasjóður í Singapúr. Aðrir hluthafar eru meðal annars alþjóðlegi fjárfestingasjóðurinn Yas Holding og japanska lyfjafyrirtækið Fuji Pharma.

Lyfið sem Alvotech bindur mestar vonir við er Humira, sem veltir um 20 milljörðum árlega á heimsvísu.

„Einkaleyfishafinn, Abbvie, þróaði nýja útgáfu af þessu sama lyfi og í dag hafa um 90 prósent af bandaríska markaðinum skipt yfir í nýju útgáfuna. Alls hafa níu fyrirtæki þróað líftæknihlíðstæðu af Humira, en öll eru þau með gömlu útgáfuna, sem þýðir að þau skipta tíu prósentum markaðarins á milli sín. Við vorum fyrst til að skrá líftæknihlíðstæðu af nýju útgáfunni hjá bandaríska lyfjaeftirlitinu.“

Abbvie hefur nú stefnt Alvotech vegna meints stuldar á trúnaðarupplýsingum sem íslenska fyrirtækið á að hafa nýtt sér til að stytta sér leið í þróunarferlinu. Alvotech hafnar þessum ásökunum og segir stefnu Abbvie snúast um að hægja á innkomu keppinautar sem ætli að bjóða sjúklingum ódýrari valkost. Abbvie hefur verið sakað um að hafa beitt brögðum þegar kemur að því að koma í veg fyrir samkeppni í Bandaríkjunum, meðal annars með því að skrá yfir 100 einkaleyfi sem Alvotech hyggst fá ógilt.

„Sem betur fer er umhverfið í Bandaríkjunum nokkuð skýrt hvað þetta varðar. Þessar lögsóknir eru ferli sem tekur ákveðinn tíma. Við erum mjög sannfærð um að koma fyrst á markað með nýju útgáfuna og reiknum með að fá samþykki fyrir því fyrir árslok 2021,“ segir Róbert.

Mjög hár vaxtakostnaður

Róbert er forstjóri alþjóðlega samheitalyfjafyrirtækisins Alvogen sem hann stofnaði árið 2009 í gegnum fjárfestingafélagið Aztiq Pharma.

„Hugmyndin var að nýta þá þekkingu á lyfjageiranum sem við höfðum aflað okkur í gegnum árin og byggja upp nýtt lyfjafyrirtæki. Árið 2009 keyptum við 21 lyf af litlu bandarísku lyfjafyrirtæki en við höfðum trú á að þau gætu orðið grunnur að sterku samheitalyfjafyrirtæki. Kaupverðið var um 3 milljónir dala og kaupin voru að mestu leyti fjármöggnuð með seljendaláni,“ segir Róbert.

Samkomulag náðist við Norwich Pharmaceuticals, sem var bandarísk lyfjaverksmiðja í taprekstri. Lyfjaþróunin var seld til Norwich og á sama tíma keypti Aztiq Pharma 40 prósentu hlut í bandarísku verksmiðjunni.

„Við náðum að fjármagna kaupin með lánum frá bandarískum og evrópskum fjárfestum sem báru 25 prósentu vexti. Því til viðbótar vantaði fjármagn í reksturinn til að koma rekstri verksmiðjunnar réttum megin við núllið, klára lyfjaþróunina og fara inn á fleiri markaði. Hluthafar Norwich budust til að lána félaginu á litlum 25 prósentu vöxtum,“ segir Róbert.

„Þetta var heimanmundurinn sem ég fékk. Allt var á gríðarlega háum vöxtum og ljóst að vel þyrfti að takast til. Félagið var fyrst um sinn verulega undirfjármagnað. Það var ekki fyrr en árið 2012, þegar við fórum í skuldabréfaútgáfu í Bandaríkjunum, í samstarfi við Morgan Stanley, að við náðum vaxtakostnaðinum niður í 18 prósent. Síðan þá höfum við byggt upp félag sem var með 120 milljarða króna í veltu árið 2017 og hátt í 40 milljarða króna í EBITDA. Þá var búið að endurfjármagna félagið á eðlilegum vaxtakjörum,“ segir hann.

„Þetta gekk ævintýrlega þrátt fyrir að umhverfið hafi ekki verið sérlega hagsætt,“ bætir Róbert við.



Við búumst við að vera með 12 milljarða króna í tekjur á þessu ári og þær aukast síðan umtalsvert árið 2022.

„Á þessum tíma, þegar Alvogen var stofnað, réðu tíu fyrirtæki um 50 prósentum af allri veltunni í samheitalyfjageiranum. Það virtist ekki vera mikil þörf á enn einu lyfjafyrirtækinu. En okkur farnaðist vel að velja réttu lyfin og koma þeim fyrst á markað. Þegar það tekst ertu í stöðu til að selja inn í stærstu keðjur eins og CVS í Bandaríkjunum.“

Haustið 2019 náði Alvogen samkomulagi um sölu á starfsemi fyrirtækisins í Mið- og Austur-Evrópu til Zentiva Group. Söluverðið var 750 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um 92 milljarða króna.

„Það var ótrúlegur árangur að selja starfsemi sem hafði verið byggð upp frá grunni, á þessu verði,“ segir Róbert.

Í byrjun árs var greint frá því að matsfyrirtækið Moody's hefði breytt horfum Alvogen Pharma US, sem heldur utan um starfsemi Alvogen í Bandaríkjunum, úr „stöðugum“ í „neikvæðar“. Taldi Moody's auknar líkur á því að Alvogen næði ekki að halda skuldum undir fimmfaldri EBITDA og á sama tíma ykist endurfjármögnunaráhætta.

„Árið 2016 sjáum við blikur á lofti í Bandaríkjunum,“ segir Róbert, spurður um starfseminna í Bandaríkjunum. „Samkeppnin var að aukast og við breyttum viðskiptalíkaninu þannig að fyrirtæki myndi hefja þróun á eigin frumlyfjum, aðallega geðlyfjum. Næsta ár réðumst við í töluverðar fjárfestingar í þróun á þessum lyfjum og fyrsta lyfið kemur á markað í ár.“

Gjalddagar á lánum voru framlangdir til þess að tryggja að Alvogen væri vel fjármagnað þangað til fyrsta lyfið kæmi á markað og einnig var fjármagnið sem fékkst fyrir starfseminna í Mið- og Austur-Evrópu nýtt til að fjárfesta í söluinnviðum í Bandaríkjunum.

„EBITDA fór töluvert niður árin 2019 og 2020, eins og við bjuggumst við, en við erum að sjá mikla aukningu í ár og næstu ár þegar frumlyfin koma á markað.“

Starfsemi Alvogen í Asíu er rekin undir nafninu Lotus, sem er skráð í kauphöllinni í Taívan. „Við fjárfestum í Lotus fyrir sjö árum. Okkar sýn var að byggja Lotus upp sem leiðandi í krabbameins-samheitalyfjum og auka þannig aðgengi sjúklinga að nýjustu lyfjunum um allan heim. Við höfum fjárfest mikið í gæðakerfum, framleiðsluáðstöðu og þróun starfsemi fyrirtækisins í Taívan,“ segir Róbert. Fyrirtækið hefur tryggt sér samstarfssamninga við mörg af leiðandi samheitalyfjafyrirtækjum heims til að annast sölu og markaðssetningu lyfjanna.

„Líkt og Alvotech hefur Lotus tryggt sér aðgengi að flestum lykil-mörkuðum fyrir lyfin sem koma á markað á næstu árum. Árið 2019 hlaut Lotus Asia Pacific Enterprise Awards (APEA) fyrir að vera eitt af átta bestu fyrirtækjum á sviði frumkvöðlastarfsemi og sjálfbærni í Asíu. Verðlaunin eru veitt af Enterprise Asia og undirstrika hversu langan veg fyrirtækið hefur farið síðan Alvogen eignaðist það,“ segir Róbert. ■

Snöggur að sanna sig hjá Delta

Hvernig hófst ferillinn í lyfjageiranum?

„Ég ætlaði alltaf að verða læknir, en þegar nær dró háskólanámi togaði viðskiptafræðin einnig í mig. Ég var tví-stígandi, skræði mig í bæði fögin en þurfti svo að velja annað hvort. Ég man að ég sat fyrir utan aðalbyggingu Háskóla Íslands, kastaði peningi upp á það og endaði þannig í viðskiptafræði,“ segir Róbert.

Að lokinni útskrift hóf hann störf hjá Samskipum og var þar til ársins 1999, þegar honum bauðst að taka við starfi forstjóra lyfjafyrirtækisins Delta, sem var með verksmiðju í Hafnarfirði. „Ég fékk simtal, þá 29 ára gamall, og var boðaður í viðtal.“

Þetta var erfiður tími því stofnandi Delta sem hafði gegnt forstjórastöðunni var vel liðinn og það var starfsmönnum fyrirtækisins mikið

áfall að honum hefði verið sagt upp. Síðan er ráðinn ungur maður sem lítur út fyrir að vera enn yngri en hann er. Fyrstu mánuðirnir voru nokkuð þungir og maður þurfti að vera snöggur að sanna sig.“

Delta var í töluverðum fjárhagsvandræðum þegar Róbert tók við og lokað hafði verið á fyrirgreiðslur frá viðskiptabanka fyrirtækisins.

„Delta átti í erfiðleikum með að koma tveimur lyfjum á markað og ég átti frumkvæði að því að eiga í samskiptum við erlendar lyfjastofnanir til að greiða úr því. Við náum öðru lyfinu á markað strax sama ár og þá fór félagið úr gríðarlegu tapi í umtalsverðan hagnað.“

Eins og kunnugt er sameinuðust Delta og Pharmaco árið 2002 og úr varð Actavis, sem var verðmetið á 500 milljarða króna þegar félagið var skráð á markað árið 2007.

MYND/ADSEND

Skotsilfur



Óttast að missa tangarhaldið



Birgir Jónsson

forstjóri Play.

Flugfreyjufélag Íslands tók upp á því að krefja flugfélagið Play um

að ganga til viðræðna um kjarasamning flugfreyja og flugþjóna. Verði flugfélagið ekki við kröfunni verður málið sent til ríkissáttasemjara. Hvernig kemur það Flugfreyjufélaginu við hvaða stéttarfélag Play ákveður að semja við? Því er ekki auðsvarað. Sem betur fer ríkir félagafrelsi í landinu og ekki hefur verið sýnt fram á að kjarasamningar Play séu í ósamræmi við íslenska vinnulöggjöf. Afskiptasemi af þessu tagi ber með sér að stéttarfélagið óttist að missa tangarhaldið sem það hefur haft. ■

Óvæntar tafir við afhendingu



Birna Einarsdóttir

bankastjóri Íslandsbanka.

Á fyrsta degi viðskipta með bréf Íslandsbanka kom í ljós að

sumir þátttakendur í hlutafjárútbodinu höfðu ekki fengið bréfin inn á verðbréfareikning sinn og gátu því ekki átt viðskipti með þau. Bankinn vísaði til útbodsgagna þar sem fram mun hafa komið að það gæti tekið allt að tvo daga eftir greiðslu að fá bréfin í hendurnar. Velta með bréf Íslandsbanka nam meira en 5 milljörðum króna í gær, og hækkaði hlutabréfaverð bankans um líðlega tuttugu prósent á fyrsta viðskiptadeginum, og slatti var í „einstaklingsstærðum“, eins og Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, komst að orði. Töfin hefur því eflaust komið flutt upp á marga sem sáu fyrir sér að losa um bréfin á fyrsta degi og mögulegt er að þeir verði af söluhagnaði þegar loksins verður hægt að selja bréfin.

Arnar til Samtaka fjármálafrirtækja



Arnar Ingi Jónsson

sérfræðingur SFF.

Arni Ingi Jónsson, sem starfaði áður hjá Hagfræðideild Landsbankans, hefur verið ráðinn til Samtaka fjármálafrirtækja (SFF) sem sérfræðingur í greiningum og upplýsingamiðlum. Tekur Arnar Ingi við starfinu af Elvari Orra Hreinssyni, sem hafði verið hjá SFF því í ársbyrjun 2020, en hann var nýlega ráðinn sem framkvæmdastjóri Verkfæra. ■

Universal Music Group skráð á markað



Hluthafar frönsku fjölmiðlasamsteypunnar Vivendi hafa samþykkt að fleyta Universal Music Group á hlutabréfamarkað. Hluthafar Vivendi munu fá 60 prósent hlut í útgáfurisnum, sem er með Taylor Swift á sínum snærum. Fyrirtækið var nýverið metið á 35 milljarða evra og verður skráð á Euronext í Amsterdam. Hið kínverska Tencent mun eiga 20 prósent hlut, Vincent Bolloré, aðaleigandi Vivendi, mun eiga 18 prósent og Vivendi 10 prósent. **FRÉTTABLAÐIÐ/EPA**

Of sterk króna veldur of veikri krónu



Konráð S. Guðjónsson, aðstoðarframkvæmdastjóri og hagfræðingur Viðskiptaráðs.

Hvers virði er stöðugleiki? Síðasta áratug hefur orðið stöðugleiki komið um 20.000 sinnum fyrir í íslenskum fjölmiðlum samkvæmt Fjölmiðlavaktinni. Ekki þarf itarlegri rannsóknir til að sjá að virði stöðugleika er umtalsvert og kom það berlega í ljós á Viðskiptaþingi í síðasta mánuði. Stöðugleiki í hvívetna er stjórndum mjög ofarlega í huga og birtist það skýrt í tillögum alþjóðahóps Viðskiptaráðs sem komu út samhliða þinginu.

Óskar eftir gengisstöðugleika

Ein af tillögum hópsins var að lögð yrði aukin áhersla á gengisstöðugleika í hagstjórn. Það er ekki tilviljun enda geta of miklar og kostnaðarsamar sveiflur hreinlega fælt fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni úr landi með tilheyrandi tjóni fyrir samfélagið allt. Íslendingar þekkja þessar sveiflur alltof vel og í mesta lagi má finna engan Íslending sem hefur unun af sveiflum krónunnar.

Miklar framfarir síðustu ár

Mikill sigur er fölginn í því að sveiflurnar hafi minnkað síðustu ár. Gjörbreytt skuldastaða, stór gjaldeyrisforði og viðskiptaafgangur ráða hvað mestu um það. Ein birtingarmyndin er að áhrif þess að stærsta útflutningsgreinin stöðvaðist í rúmt ár voru sáralitil á gengi krónunnar. Í öllum niðursveiflum síðustu 60 ár hefur krónan veikt umtalsvert meira, en í dag er krónan, á mælikvarða raun-

gengis, á nánast sama stað og fyrir heimsfaraldurinn.

Enn hætta á óhóflegum sveiflum Þrátt fyrir framfarir er krónan enn duttlungafullur gjaldmiðill og hún mun sveiflast áfram. Spár greiningaraðila og kannanir Seðlabankans á væntingum markaðsaðila benda til væntinga um styrkingu krónunnar á næstu misserum. Mögulegt er að krónan eigi eftir að styrkjast á næstunni. Hversu mikið, er þó ætíð takmörkunum háð. Ef gengið styrkist meira en hagkerfið og útflutningsgreinar standa undir, eykst sífellt hættan á að gengið taki skell með tilheyrandi tjóni og kaupmáttartapi almennings.

Í umræðu um gengismál er því hins vegar oft haldið fram að sterkt gengi sé hagfellt heimilunum, enda lækki þá verð á innflutningi. Þetta er einfaldlega rangt ef styrkingin er hluti af óhóflegum sveiflum. Það er heldur varasamt markmið að gengi krónunnar sé sérstaklega veikt eða sterkt. Gengið á einfaldlega að endurspeglar stöðuna í hagkerfinu og sem fyrr segir er æskilegt að það sé sem stöðugast.

Seðlabankinn með veglegt vopnabúr

Hvernig á svo að koma í veg fyrir óhóflegar sveiflur? Eðlilegt er að augun beinist fyrst að Seðlabankanum sem hefur ýmis töl og ber þar hæst 839 milljarða króna gjaldeyrisforða. Ekki er víst að einhvers konar fastgengi eigi að vera markmið, en staðreyndin er þó sú að innan núverandi verðbólgu markmiðs hefur Seðlabankinn talsvert rými til að beita sér á gjaldeyrismarkaði og hafa áhrif á gengið. Það hefur bankinn gert með ágætum árangri síðasta árið, þegar þrýstingur var á veikingu.



Meira þarf til en einhvers konar hugarfarsbreytingu til að dýpka gjaldeyrismarkaðinn.

Nú þegar vindar hafa snúist er alveg jafn mikilvægt að bankinn sé vakandi yfir því að krónan sveiflist ekki of mikið. Vorið 2017 styrktist krónan í einhverjar hæstu hæðir sem hafa sést síðustu áratugi, án þess að Seðlabankinn svo mikið sem hringdi viðvörðunarbjóllum. Sú styrking var eftir á að hyggja umfram það sem tilefni var til.

Fjárfestar þurfa líka að mynda sér skoðun

Óeðlilegt er að sjónarmið Seðlabankans séu þau einu sem birtast á gjaldeyrismarkaði. Allir sem eiga viðskipti með gjaldeyri fyrir krónur ættu að mynda sér skoðun á því hvert sé rétt gengi krónunnar miðað við undirliggjandi getu hagkerfisins. Oft hefur skort á þetta en fyrir fjárfesta hljóta að myndast

tækifæri í því að leggjast á móti vindinum. Augljósasta tækifærið er lífeyrissjóður sem sér tækifæri í því að fjárfesta meira erlendis en annars þegar krónan er fremur sterk. Slíkt getur unnið gegn óhóflegum sveiflum og stuðlað að gengisstöðugleika.

Hvar eru afleiðuviðskiptin?

Meira þarf til en einhvers konar hugarfarsbreytingu til að dýpka gjaldeyrismarkaðinn. Slaka þarf á séríslenskum takmörkunum á afleiðuviðskipti sem eru til þess fallin að draga úr þeim nauðsynlegu skoðanaskiptum sem felast í mörkuðum. Á peningamálafröngu Viðskiptaráðs í nóvember á síðasta ári sagði varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika að til skoðunar væri að leyfa aukin afleiðuviðskipti. Síðan hefur lítið heyrst og ekkert breyst.

Litlar forsendur fyrir mikilli styrkingu

En hversu mikið getur krónan styrkst?

Í nýlegri greiningu Viðskiptaráðs er bent á að undirliggjandi þættir eins og framleiðni, viðskiptakjör og erlend eignastaða þjóðarbúsins bendi ekki til þess að krónan geti verið mun sterkari en fyrir heimsfaraldurinn. Í dag er krónan til samanburðar á svipuðum stað og árið 2019. Þá bendir einföld flæðisgreining á gjaldeyrismarkaði ekki heldur til þess að afgerandi styrkingarþrýstingur verði á krónunni í ár.

Um þetta allt er þó óvissa sem er vel yfir meðallagi. En til að fá svarið væri fyrsta skref að fjárfestar og seðlabankinn sýni á spilin frekar en að folk skrifi blaðagreinar. Og til þess þarf töl á borð við afleiðuviðskipti sem nú eru bönnuð. Breytum því. ■

Stofnandi Guitar Hero fjárfestir í OverTune

Nýir fjárfestar í sprotanum OverTune koma frá Bandaríkjunum, Kanada, Noregi og Íslandi. Unnið er að nýrri fjármögnunarlotu um þessar mundir.

helgivið@frettabladid.is

Stofnandi tölvuleiksins Guitar Hero, Charles Huang, ásamt fleirum, lagði OverTune, sem er að þróa tónlistarforrit, til tugi milljóna í sinni fyrstu fjármögnun. Nú vinna stofnendur fyrirtækisins að því að safna um tveimur milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði tæplega 250 milljóna króna, í annarri fjármögnunarlotu.

„Sú vinna gengur vel,“ segir Sigurður Ásgeir Árnason, framkvæmdastjóri sprotafyrirtækisins. Hann var í hljómsveitinni Ultra Mega Technobandið Stefán, sem naut vinsælda á sínum tíma, en starfaði síðast sem yfirmaður viðskiptaþróunar hjá Larsen Energy Branding, sem er ráðgjafarfirmi í sviði vörumerkjastjórnunar í orkuviðnaði.

OverTune þróar hugbúnað sem gerir hverjum sem er kleift að skapa tónlist, án bakgrunns í tónlist eða þekkingar á tónsmíðaforritum og leyfir notendum á einfaldan máta að deila tónlist sinni á samfélagsmiðlum eins og TikTok og Instagram Reels. „Þetta snýst um að fanga augnablikið hverju sinni,“ segir Sigurður Ásgeir.

Nýr vísisjóður Brunns Ventures, Brunnur vaxtasjóður II, leiddi fyrstu fjármögnunina. Aðrir fjárfestar komu frá Kanada, Noregi og Íslandi, en Huang starfar í Kísildalnum í Bandaríkjunum. Guðjón Már Guðjónsson, stofnandi OZ, er stjórnarformaður OverTune.

„Það að okkur tókst að fá öfluga fjárfesta víða um heim gefur góð fyrirheit um framhaldið fyrir OverTune,“ segir Sigurður Ásgeir.

Aðspurður hvernig það kom til að Huang, sem bjó til feykilega vinsælan tölvuleik á heimsvisu, fjárfesti í OverTune, segir Sigurður Ásgeir að það megi rekja til tengslanets þeirra sem komi að fyrirtækinu. „Teymið hefur starfað í afþreyingariðnaðinum í mörg ár og við njótum góðs af því,“ segir hann.

„Við erum að velja réttu fjárfestana um borð um þessar mundir. Allir sem fjárfestu hafa mikla reynslu af afþreyingariðnaði. Á meðal stjórnenda Brunns Ventures er til að mynda einn af stofnendum CCP Games og fyrrverandi stjórnandi hjá alþjóðlega fjölmiðlafyrirtækinu Bertelsmann. Kanadíski fjárfestirinn Nicholas Ponari hefur fjárfest í leikjaviðnaði og Norðmaðurinn Espen Systad hefur veitt keppinaut okkar Voisey ráðgjöf og

”

Við erum að velja réttu fjárfestana um borð um þessar mundir. Allir sem fjárfestu hafa mikla reynslu af afþreyingariðnaði.

Sigurður Ásgeir Árnason, framkvæmdastjóri OverTune.

kennir við háskólann í Bergen,“ segir hann. Snapchat keypti nýlega breska sprotafyrirtækið Voisey sem býður notendum upp á tónlist til að setja yfir myndskíð.

Aðrir íslenskir fjárfestar eru B Capital sem stýrt er af bræðrunum Henrik og Sveini Biering. Þeir fjárfestu meðal annars í fyrri í Vaxa sem rekur eitt af fimm stærstu hátækni-lóðréttum gróðurhúsum í heimi sem er í fjöldaframleiðslu, eins og fram hefur komið í Markaðinum.

„Það að fjárfestar á þessum skala veðji á að OverTune muni umblyta tónlist, eru stórar fréttir fyrir íslenskt atvinnulíf. Við höfum séð ýmis fyrirtæki reyna að bjóða upp á svipaða lausn, þó með annarri nálgun, en þau hafa verið keypt af samfélagsmiðlarisum,“ segir Sigurður Ásgeir.

Hann segir að samfélagsmiðlar sem byggja á hljóði fari ört stækandi og nefnir meðal annars samfélagsmiðilinn Clubhouse í því samhengi. Í Clubhouse getur fólk talað saman í stafrænum rýmum og aðrir geta hlustað á.

Rekstur OverTune mun byggja á áskriftartekjum. Sigurður Ásgeir segir að notendur muni fá í upphafi ákveðið mengi af hljóðefni en geti svo bætt við það til að mynda hljóðbútum eftir þekkt tónlistarfólk sem og hljóðum sem til að mynda tengiast Eurovison eða EM í knattspyrnu. Þannig geti notendur skapað efni sem passi við stemninguna í þjóðfélaginu hverju sinni.

OverTune samanstendur af sjö manna teymi, þar af þremur forriturum sem eru staðsettir á Íslandi, í Rússlandi og Úkraínu. Aðrir stofnendur en Sigurður Ásgeir eru Jason Daði Guðjónsson hönnunarstjóri, en hann stofnaði á sínum tíma Hip Hop hátíðina og var verkefnastjóri hjá OZ og Pétur Eggerz Pétursson vörustjóri, sem var áður tæknistjóri HN markaðssamskipta, en hann hafði áður stofnað framleiðslufyrirtækið Motive. ■

Oculus metið á yfir 20 milljarða

hordur@frettabladid.is

Íslenska lyfjaþróunarfirmið Oculus, sem hefur þróað tækni við meðhöndlun augnsjúkdóma, er verðmetið á um 170 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um 21 milljarðs íslenskra króna, eftir að félagið lauk 57 milljóna dala hlutfjárukningu í byrjun síðasta mánaðar, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Fyrir hlutfjárukninguna var því virði félagsins (e. pre-money) 113 milljónir dala og hafði þá hækkað um líðlega 30 prósent frá því að Oculus sótti sér síðast auknið hlutfé í ársbyrjun 2019.

Fjármögnun Oculus í liðnum mánuði var leidd af BVCF Management og Hyfinity Investments, sem komu nýir inn í hluthafahópinn, en sumir af innlendu hluthöfnum,

eins og Brunnur Ventures og Silfurberg, tóku einnig þátt í hlutfjárukningunni.

BVCF Management, kínverskur sjóður sem hefur meðal annars fjárfest í lyfjaframleiðandanum BioNTech sem þróaði bóluefni við Covid-19 í samvinnu við bandaríska lyfjarisann Pfizer, er í hópi stærstu hluthafa Oculus eftir fjárfestinguna, með líðlega 11 prósent hlut, samkvæmt heimildum Markaðarins. Eignarhlutur Brunns, sem kom fyrst í hluthafahóp Oculus árið 2016, nemur sömuleiðis um 11 prósentum.

Oculus, sem er með höfuðstöðvar í Lausanne í Sviss, var stofnað árið 2003 af dr. Einari Stefánssyni, prófessor í augnlækningum, og dr. Þorsteini Loftssyni, prófessor í lyfjafræði. Þeir leiða enn rannsóknir og nýsköpun fyrirtækisins. ■



Sigurður, einn af stofnendum OverTune, var í hljómsveitinni Ultra Mega Technobandið Stefán.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

APOTEK

KITCHEN + BAR

FRÁBÆR Í HÁDEGINU

FISKIVEISLA

3 tegundir af ferskasta fiski dagsins

JÚNÍ TILBOÐ

1.990 kr. á mann

GRILLAÐUR – PÖNNUSTEIKTUR – OFNBAKAÐUR

Borinn fram með fersku salati, smælki, og citrus beurre blanc.

APOTEK Kitchen + Bar // Austurstræti 16 / Sími 551 0011 / apotek.is

■ Skoðun

Helgi Vífill
Júlíusson



Skakkt sjónarhorn

Ég hef aldrei getað fyrirgefið þeim ríku fyrir að vera ríkir og það hefur litað allt mitt líf. Þetta skrifaði bandaríski rithöfundurinn F. Scott Fitzgerald.

Það læðist að manni sá grunur að sami hugsunarhátturinn hafi litað líf ýmissa Íslendinga. Of margir innan verkalyðshreyfingarinnar vilja til að mynda draga úr þrótti atvinnulífsins og virðast sannfærðir um að almennigur muni njóta góðs af. Það er einfaldlega rangt. Það eina sem slíkt hefur í för með sér er að hagur landsmanna mun versna og æ fleira ungt, menntað fólk mun flytja af landi brott.

Það er eins og Gunnar Dal heimspeskingur sagði: „Það er aldrei hægt að skilja hið einstaka án þess að þekkja þá heild sem það er brot af.“ Óhagfellt starfsumhverfi fyrir fólk og fyrirtæki hefur afleiðingar í för með sér.

Færa má rök fyrir því að vinstri-mönnum hafi að einhverju leyti tekist ætlunarverk sitt. Skattar hér á landi eru með þeim hæstu á byggðu bóli og verðbólgan umliðna áratugi er óásættanleg, enda er hún stórskadleg. Verðbólgun má meðal annars má rekja til verulegra launahækkana umfram svigrúm í efnahagslífinu. Athygli vekur að verkalyðshreyfingin horfir ekki á heildarmyndina þegar hún berst fyrir hærri launum. Hún neitar að horfast í augu við að launaskrið leiði til verðbólguksots.

Háir skattar og umtalsverð verðbólga draga úr hagsæld hér á landi. Þetta er að sjálfsögðu ágætis uppskrift að því að draga úr ríki-dæmi auðstéttarinnar. Vandinn er að hún bitnar illilega á öllum landsmönnum. Millistéttin nýtur sannarlega góðs af verðstöðugleika, lágum vöxtum og lágum sköttum. Eins liggur það í augum uppi að verðbólguksot bitna verst á þeim sem minnst hafa á milli handanna. Þess vegna sætir það furðu að forseti ASÍ skuli margtyggja í fjölmiðlum að stöðugleiki gagnist tekjulágum lítið.

Þau lífsgæði sem þjóðin býr við eru ekki sjálfgefin. Ekki munu þau batna með erfiðara rekstrarumhverfi. Grunnurinn að hagsældinni er að fyrirtækjum tókst að vinna mikil verðmæti úr takmörkuðum náttúruauðlindum. Nú þurfum við að skapa jarðveg fyrir hugvitsdrifin fyrirtæki til að skapa hagnöxt. Þar gegna stöðugleiki og lágir skattar lykilhlutverki enda draga háir skattar úr nýsköpun. ■

Höskuldur nýr stjórnarformaður Jarðborana

hordur@frettabladid.is

Höskuldur Ólafsson, fyrrverandi bankastjóri Arion banka, hefur tekið við sem stjórnarformaður Jarðborana, en félagið er að stærstum hluta í eigu Samherja og íslenskra lífeyrissjóða.

Höskuldur, sem lét af störfum sem bankastjóri Arion 2019, var kjörinn nýr í stjórn Jarðborana í síðasta mánuði en stjórnarmönnum var þá jafnframt fækkað úr fimm í þrjá. Ólafur Þór Jóhannesson, fjármálastjóri Skeljungs, og Eva Bryndís Helga-

dóttir lögmaður sitja áfram í stjórn félagsins, en þau Baldvin Þorsteinsson, einn eigenda Samherja, Auður Ýr Sveinsdóttir og Hilmar Sveinsson hætta.

Jarðboranir, sem er með starfsemi á Íslandi, Azor-Eyjum, Djíbúti, Hollandi og Karíbahafinu, var rekið með 620 milljóna tapi á síðasta ári. Tekjur minnkuðu um meira en 4,5 milljarða og námu 3,42 milljörðum. Samdráttinn má rekja til færri verkefna og eru rekstrarhorfur fyrir þetta ár svipaðar. Áætlanir gera ráð fyrir að reksturinn verði í jörnum, en lausafjárstaða og eigið fé haldist sterkt. ■



Ég er búin að eiga mér þennan draum, að skrá Íslandsbanka á markað, þannig að ég er svo sannarlega stolt og lukkuleg í dag.

Birna Einarsdóttir, banka-stjóri Íslandsbanka.



Frjáls framlög



enginn kostnaður!

VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.

907 1083 – 3.000 kr.

907 1085 – 5.000 kr.

907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation

Sterkari saman
í sátt við umhverfið

LITRÓF
GuðjónÓ
Prenttækni

Vatnagördum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000